



1431. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 24.3.2026 og hefst kl: 17:00

2603-2355

Dagskrá

1. 2512-5542 - Breyting á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna - Hringtorg Akranesvegur

Á 348. fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 16. mars 2026 fjallaði ráðið um málið og lagði til við bæjarstjórn að tillaga að breyttu deiliskipulagi verði auglýst skv. 1 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2601-0074 - Kirkjubraut 4-6 umsókn til skipulagsfulltrúa

Skipulags- og umhverfisráð fjallaði um málið á 348. fundi sínum þann 16. mars 2026 en sótt er um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Kirkjubraut 4-6, 6A og Suðurgötu 67 þannig að heimilt verði að reka gistiheimili á jarðhæð hússin (12. herbergi í flokki II) með aðkomu frá Suðurgötu, ásamt atvinnurými við Kirkjubraut. Lóðarmörk milli Kirkjubraut 4-6 og Suðurgötu 67 færast um 4 m., gluggum verði komið fyrir að lóðarmörkum 67 og sorpaðstaða verði sameiginleg með lóð 6A (samþykki eiganda liggur fyrir). Ráðið samþykkti framlagt minnisblað verkefnastjóra sem svar við framkomnum athugasemdum. Ráðið taldi að um óverulega breytingu sé að ræða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingin feli hvorki í sér aukið byggingarmagn né breytingu á hæð eða nýtingarhlutfalli og sé í samræmi við aðalskipulag Akraness 2021 - 2033. Skipulags- og umhverfisráð vísaði mtillögunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2601-1089 - Umsókn um Framkvæmdaleyfi - Jarðhitaleit á Akranesi

Skipulags- og umhverfisráð fjallaði um málið á 348. fundi sínum þann 16. mars 2026 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi greinagerð skipulagsfulltrúa sem umsögn um framkvæmdina og svör við framkomnum athugasemdum. Þá leggur ráðið einnig til að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborunar eftir jarðhita í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðið lagði áherslu á að við framkvæmdina verði tryggt öryggi vegfarenda, að ónæði gagnvart nágrönnum verði haldið í lágmarki og að umgengni á svæðinu verði góð. Sett verði viðbótarskilyrði fyrir leyfinu um að áður en framkvæmdir hefjist, framkvæmi Veitur ástandsúttekt á nærliggjandi húsnaði m.t.t. athugasemda íbúa.

4. 2601-0244 : Samningsgögn um kaup á Suðurgötu 57 og lóð Suðurgötu 47. 2510186

Vegna atriði sem höfundarréttarvernd arkitekta er nauðsynlegt að endurskoða fyrirliggjandi samning sem samþykktur var í bæjarstjórn þann 15. janúar sl. Einnig hafa komið fram ábendingar og athugasemdir frá kaupanda sem rétt þykir að koma til móts við og taka ný gögn mið af þessu. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3620 þann 12. mars 2026 fyrirliggjandi drög að endurskoðuðum kaupsamningi og vísaði málin til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

5. 2603-1960 - 3620. fundur bæjarráðs 12. mars 2026

3620. fundargerð bæjarráðs frá 12. mars 2026 lögð fram.

6. 2603-1979 - 347. fundur skipulags- og umhverfisráðs

347. fundargerð skipulags- og umhverfis frá 6. mars 2026 lögð fram.

7. 2603-2231 - 348. fundur skipulags- og umhverfisráðs

347. fundargerð skipulags- og umhverfis frá 16. mars 2026 lögð fram.

8. 2602-1293 : Fundargerðir febrúar 2026 - Faxaflóahafnir

265. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 27. febrúar 2026 lögð fram.

9. 2602-1290 : Fundargerðir mars 2026 - Samband íslenskra sveitarfélaga

994. fundargerðar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. mars 2026 lögð fram.

10. 2601-0928 : Fundargerðir mars 2026 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

168. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 2. mars 2026 lögð fram.

Akranesi, 23. mars 2026
Valgarður Lyngdal Jónsson

